

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 185/2017

2019/EES/52/36

frá 22. september 2017

um breytingu á XV. við EES-samninginn (Ríkisaðstoð)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1084 frá 14. júní 2017 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 651/2014 að því er varðar aðstoð vegna grunnvirkja hafna og flugvalla, tilkynningarmörk fyrir aðstoð vegna menningar og varðveislu menningararfleifðar og aðstoð vegna íþróttagrunnvirkja og fjölnota tómsundagrunnvirkja og svæðisbundin rekstraraðstoðarkerfi á ystu svæðum og breytingu á reglugerð (ESB) nr. 702/2014 að því er varðar útreikning á aðstoðarhæfum kostnaði ⁽¹⁾.
- 2) XV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 1j (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 651/2014) í XV. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32017 R 1084:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1084 frá 14. júní 2017 (Stjttð. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1084, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.